

ÍSLE3BB05

Búið til: Wed, 06 Oct 2021 13:08:24 GMT

Titill

Barna- og unglingabókmenntir

Skammstöfun

ÍSLE3BB05

Útgáfunúmer

106

Námsgrein

Íslenska

Viðfangsefni

barnabókmenntir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Fjallað er um barna- og unglingabókmenntir í víðum skilningi: sögur, ævintýri, ljóð, teiknimyndir og myndabækur auk efnis fyrir sjónvarp og leikhús. Nemendur kynnst einkennum, formi, útbreiðslu, vinsældum og kröfum sem gerðar eru til barna- og unglingabókmennta. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi mismunandi bókmenntatexta og kynni sér fræðilega umfjöllun um barnabókmenntir. Í áfanganum er viðhöfð fjölbreytt verkefnavinna, verkleg, munnleg og skrifleg. Farið er fram á sjálfstæð, skapandi og vönduð vinnubrögð. Á þriðja þrepi eru auknar kröfur gerðar til sjálfstæðis nemenda í námi og hæfileika þeirra til að koma þekkingu sinni skýrt og greinilega frá sér í ræðu sem og riti. Ætlast er til að nemendur sýni frumkvæði og eigi auðvelt með að afla sér upplýsinga um tiltekin viðfangsefni tengd áfanganum sem og að þeir læri að nýta sér þau hjálpartæki sem þeir þurfa til ritunar og skilnings.

Forkröfur

10. einingar á 2. þrepi í íslensku

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi frásagnaraðferðum og framsetningu í barna- og unglingabókmenntum
- mál- og menningarheimi barna og ungmenna
- mikilvægi læsis fyrir börn og unglinga og að lesið sé fyrir þau
- mismunandi tegundum barnabóka
- ritgerðasmíð og heimildavinnu
- barnabókmenntum í sögulegu ljósi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir
- beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna
- lesa sér til gagns bókmenntaverk ásamt fræðitextum um barna- og unglingabókmenntir og greina mismunandi sjónarmið
- þekkja einkenni vel skrifaðra barnabókmennta
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skapandi og greinandi verkefni í tengslum við barna- og unglingabókmenntir
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdarfærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu
- túlka texta barna- og unglingabókmennta og greina merkingu undir yfirborði textans (undirtexti)
- meta með gagnrýnum huga uppeldisgildi barna- og unglingabókmennta
- beita vönduðu máli í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum
- semja efni ætlað börnum og/eða unglingum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega. Verkefnaskil geta verið á skrifleg, munnleg og í formi myndbanda.

Skólar

Fyrirmynd